



FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

17. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn 5. október 2020 kl. 18 að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Fundinn sátu Eggert Valur Guðmundsson varaformaður sem stýrði fundi, Bryndís Eir Þorsteinsdóttir og Smári B. Kolbeinsson varamaður Árna Eiríkssonar sem er í veikindaleyfi. Einnig situr fundinn safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. Starfsáætlun Byggðasafns Árnesinga 2021. Starfsáætlunin lögð fram, rædd af stjórn og samþykkt.
2. Rekstraráætlun Byggðasafns Árnesinga 2021. Safnstjóri lagði fram og útskýrði rekstraráætlun safnsins fyrir árið 2021. Samþykkt að fresta afgreiðslu rekstraráætlunarinnar þar til launaspá liggur fyrir.
3. Heildarstefna Byggðasafns Árnesinga 2021-2024. Fyrir liggur að endurskoða þarf stefnu safnsins á fjögurra ára fresti samkvæmt stofnskrá safnsins. Stjórn safnsins felur föstum starfsmönnum að fara yfir heildarstefnuna og senda til stjórnarmanna þannig að hana megi taka til afgreiðslu á næsta stjórnarfundi.
4. Starfsemin. Safnstjóri sagði frá starfinu undanfarnar vikur. Vegna takmarkana Covid19-heimsfaraldursins hafa ekki verið neinir atburðir á safninu síðan faraldurinn færðist í aukana upp úr miðju sumri. Aðsókn var góð um mitt sumar en minni eftir því sem leið á ágústmánuð og mjög lítil í september. Skólahópar hafa komið. Stefnt er að viðburði utandyra við Húsið 10. október, almennri opnun 16. og 17. október og að glæsilegri jóladagskrá á aðventu ef aðstæður leyfa. Búið er að koma grófgripum safnanna fyrir í skemmu Búðarstígs 22 og eru þangað einnig komnir safnmunir Byggðasafns Ölfuss. Gripunum hefur flestum verið raðað í hillur en enn á eftir að skrá staðsetningu þeirra. Undirbúningur er hafinn að flutningi muna úr Hafnarbrú 3 með gerð áætlana en stefnt er að því að geymslurýmið verði tilbúið í apríl. Unnið er að lykklun ljósmynda í Sarp og mótun fræðslustefnu fyrir styrki frá Safnaráði.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og fundi slitið kl. 18,45.

Eggert Valur Guðmundsson
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir
Smári B. Kolbeinsson
Lýður Pálsson